



Aron Emil stigameistari GSÍ 2026

Aron Emil Gunnarsson hefur spilað mjög vel í sumar. Mynd: GSÍ.

Aron Emil Gunnarsson, kylfingur úr Golfklúbbi Selfoss, er stigameistari GSÍ mótaraðarinnar árið 2026 eftir afar stöðugt og gott keppnistímabil.

Aron Emil tók þátt í öllum sjö mótum mótaraðarinnar í sumar og hafnaði aldrei neðar en í sjöunda sæti. Hann komst fjórum sinnum á verðlaunapall

og lauk keppnistímabilinu með öðru sæti á Íslandsmótinu í golfi, þar sem hann lék samtals á fimm höggum undir pari.

Á Íslandsmótinu vann Aron Emil jafnframt Björgvinsskálina, sem veitt er þeim áhugakylfingi sem leikur á lægsta skori í karlaflokki. Þetta er í annað sinn sem hann hlýtur skálina.

Aron Emil lauk GSÍ mót-

aröðinni með 4.178 stig, 110 stigum meira en Aron Snær Júlíusson sem varð í öðru sæti. Þetta er fyrsti stigameistaratitill Arons Emils.

Árangur hans á Íslandsmótinu undanfarin ár hefur einnig verið eftirtektarverður en í ár var hann í þriðja sinn á síðustu fjórum árum í lokahollinu á lokadegi mótsins.

Umhverfisviðurkenningar Árborgar afhentar

Umhverfisnefnd Sveitarfélagsins Árborgar afhenti á dögunum umhverfisviðurkenningar ársins 2026. Fjöldi tilnefninga barst frá íbúum sveitarfélagsins og voru viðurkenningar veittar í fimm flokkum.

Rauðholt hlaut viðurkenningu sem fallegasta gata sveitarfélagsins. Gatan hefur nýlega verið endurgerð með gönguleiðum, hjólastígum og gróðri og þótti skera sig úr fyrir snyrtilegt og fallegt yfirbragð í grónu umhverfi.

Sjávargata Villa við Búðarstíg 19c á Eyrarbakka var valið fallegasta fyrirtækið. Þar er rekin ferðahjónusta með gístiaðstöðu fyrir hópa. Mikill metnaður hefur verið lagður í frágang hússins, lóðarinnar og aðkomunnar en húsið var tekið í notkun síðsumars árið 2025.

Viðurkenningu fyrir fallegasta garðinn hlutu Þorvarður

Hjaltason og Ólafía Sigurðardóttir í Sigtúni 7 á Selfossi. Garðurinn var valinn úr hópi margra frambærilegra garða og hefur vakið athygli fyrir fallega og gróna lóð í eldra hverfi bæjarins.

Tryggvagata 10-12 var valið fallegasta fjölbýlið. Húsið er nýbyggt og þótti frágangur lóðarinnar til mikils sóma. Sérstaklega var horft til þess metnaðar sem lagður hefur verið í að fella húsið og lóðina að nærliggjandi umhverfi.

Að lokum hlaut Örn Óskarsson, formaður Skógræktarfélags Selfoss, umhverfisviðurkenningu Árborgar fyrir framlag sitt til umhverfismála. Örn hefur um langt skeið verið í forsvari fyrir félagið og uppbyggingu Hellisskógar, sem hefur þróast í fjölbreytt og vinsælt útivistarsvæði sem nýttist gestum allt árið.



Þórhildur Dröfn Ingvadóttir, formaður umhverfisnefndar, afhenti viðurkenningarnar ásamt Braga Bjarnasyni bæjarstjóra og Ágústi Þór Bragasyndi, deildarstjóra Þjónustumiðstöðvar Árborgar. Mynd: Sveitarfélagið Árborg.

Fáðu fagmann í verkið



Framúrskarandi
fyrirtæki 2020-2025

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

NÝR TOYOTA URBAN CRUISER

FORSALA
ER HAFIN



Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000



Toyota
Selfossi

Verk Jóns Magna til sýnis á Selfossi

Tvær sýningar á verkum Jóns Magna Ólafssonar voru opnaðar í Listagjá og Sundhöll Selfoss fimmtudaginn 6. ágúst. Sýningarnar standa yfir til 14. september.

Jón Magni er fæddur í Reykjavík árið 1943 en hefur verið búsettur á Selfossi frá árinu 1983. Hann er mjólkurfræðingur að mennt og félagi í Myndlistarfélagi Árnessýslu.

Jón Magni hefur sótt fjölmörg námskeið í málun og teikningu og haldið nokkrar sýningar í gegnum tíðina, bæði einn og ásamt öðrum listamönnum. Verkin sem nú eru til sýnis eru unnin með olíu og krít.



Um 20 björgunarmenn komu slösuðum ferðamanni til bjargar við Háafoss

Allar björgunarsveitir í Árnessýslu voru kallaðar út um klukkan níu sunnudagskvöldið sl. vegna ferðamanns sem hafði slasast á fæti í gilinu neðan við Háafoss.

Maðurinn var einn á ferð þegar óhappið varð og ekkert símasamband var á staðnum. Annar hópur ferðamanna gekk fram á manninn og færði sig á stað þar sem hægt var að ná símasambandi og kalla eftir aðstoð. Ekki er vitað hversu lengi maðurinn hafði verið slasaður þegar komið var að honum.

Ljóst var frá upphafi að erfitt yrði að koma manninum úr gilinu og var þyrila Landhelgisgæslunnar því einnig kölluð á

vettvang. Þegar þyrilan kom á staðinn varð ljóst að flytja þyrfti manninn um nokkurn spöl áður en hægt væri að hífa hann um borð. Undanfarar björgunarsveita á höfuðborgarsvæðinu voru því boðaðir og hélt þyrilan aftur til Reykjavíkur til að taka eldsneyti og sækja þá.

Um hálf eitt um nóttina hafði um 20 manna hópur björgunarmanna úr björgunarsveitum í Árnessýslu komist að manninum. Í kjölfarið var ákveðið að flytja hann á börum að sjúkrabíl.

Björgunaraðgerðum lauk um klukkan tvö og var maðurinn þá fluttur til aðhlýnningar. Björgunarsveitir tóku einnig að sér að koma bifreið hans til byggða.





ADALSKOÐUN

Eyравegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996

Fyrir öruggari morgundag,
komdu í skoðun í dag



Miklar framkvæmdir í Grímsnes- og Grafningshreppi

Fjölbreyttar framkvæmdir standa nú yfir í Grímsnes- og Grafningshreppi. Unnið er meðal annars að endurbótum við Kerhólsskóla, byggingu nýrrar björgunarmiðstöðvar á Borg, gatnagerð og uppbyggingu göngu- og hjólastíga.

Miklar breytingar standa yfir á leikskólalóð Kerhólsskóla. Lóðin er stækkuð, yfirborð endurnýjað og nýr kastali ásamt fjölbreyttum leiktækjum settur upp. Grjótgás og Jóhann Helgi & co sjá um framkvæmdirnar og er stefnt að verklokum í ágúst.

Samhliða framkvæmdunum á leikskólalóðinni er hafið niðurfir á efri hæð Kerhólsskóla, þar sem stjórnýsla sveitarfélagsins var áður til húsa. Rýmið hefur

verið endurhannað með þarfir skólans í huga og stendur til að útbúa þar nýjar skólastofur og önnur rými fyrir skólastarfið. Framkvæmdin verður boðin út á næstunni.

Framkvæmdir við nýja björgunarmiðstöð á Borg eru einnig komnar vel af stað. HR smíði vinnur að verkinu og er undirbúningur fyrir sökkla aðalbyggingarinnar hafinn. Gert er ráð fyrir að burðarvirki frá Límtré Vírneti komi á verkstað í september og að reising hússins hefjist í kjölfarið. Nýja björgunarmiðstöðin á að bæta verulega aðstöðu viðbragðsaðila á svæðinu.

Þá vinnur Jarðtækni að uppbyggingu nýrrar götu og göngu-

stíga við hverfið á Borg. Þar verður meðal annars gerð ný tenging við Biskupstungnabraut og gatan Skógartún lögð. Nýjar lóðir við götuna verða auglýstar á næstunni. Einnig verður áfram unnið með blágrænar ofanvatnslausnir auk þess sem göngustígar og lýsing í nýja hverfinu verða fullgerð.

Undirbúningur að frekari gerð hjóla- og göngustíga í sveitarfélaginu stendur jafnframt yfir og er gert ráð fyrir að þær framkvæmdir hefjist í haust. Verkefnið eru liður í áframhaldandi uppbyggingu sveitarfélagsins og eiga að bæta aðstöðu, þjónustu og öryggi íbúa.



Framkvæmdir standa yfir á leikskólalóð Kerhólsskóla þar sem meðal annars eru sett upp ný leiktæki. Mynd: gogg.is.



Leikskólalóðin við Kerhólsskóla tekur miklum breytingum en stefnt er að verklokum í ágúst. Mynd: gogg.is.



Framkvæmdir við nýja björgunarmiðstöð á Borg eru í fullum gangi. Mynd: gogg.is.



Unnið er að undirstöðum nýrrar björgunarmiðstöðvar en reising hússins á að hefjast í haust. Mynd: gogg.is.



Jarðtækni vinnur að uppbyggingu nýrrar götu og göngustíga við hverfið á Borg. Mynd: gogg.is.



Nýja gatan Skógartún og göngustígar eru hluti af áframhaldandi uppbyggingu á Borg. Mynd: gogg.is.

Hjúkrunarrými, byggðafesta og ný tækifæri í uppsveitum Árnessýslu

Áðgengi að heilbrigðis-þjónustu í heimabyggð er mikilvægur þáttur í því að skapa gæðasamfélag og auka lífsgæði íbúa. Þegar við eldumst eigum við að geta haft þann kost að búa í því umhverfi sem við kjósum. Umhverfið, fjölskylda og vinir vega þar þungt. Uppbygging hjúkrunarrýma snýst nefnilega ekki bara um tölfræði eða kerfis-lægar ákvarðanir – valfrelsið er mikilvægt og íbúar eiga að fá þann kost að eldast með reisn þar sem ræturnar liggja.

Núverandi ríkisstjórn hefur lagt gríðarlega áherslu á uppbyggingu hjúkrunarrýma og eflingu heilbrigðiskerfisins. Þetta átak skilar sér ekki aðeins í auknum lífsgæðum fyrir eldri borgara heldur dregur það einnig úr álagi á sjúkrahús landsins. Þegar sjúklingar komast hraðar í viðeigandi úrræði nærri sinni heimabyggð nýtast rýmin á sjúkrahúsum landsins mun betur.

Gamli íþróttakennaraháskólinn á Laugarvatni, sem áður iðaði af lífi háskólanema, stendur því miður auður og hljóður og kallar á að ríkið gripi tækifærið og blási til sóknar. Laugarvatn

er fullkominn staður fyrir hjúkrunarheimili og gríðarlegt hagsmunamál fyrir Suðurkjördæmið og þá sérstaklega uppsveitir Árnessýslu.

Með því að endurreisa þetta sögufræga hús og koma þar á fót hjúkrunarheimili tryggjum við íbúum sveitarfélagsins raunverulegt tækifæri til að eldast í heimabyggð. Slík uppbygging mun styrkja Bláskógabyggð og uppsveitirnar allar til muna. Hjúkrunarheimili færir byggðarlaginu verðmæt og krefjandi sérfræðistörf, sem auðga samfélagið, skapa ný tækifæri, laða að ungt fólk og eflir byggðafestu til framtíðar.

Að glæða lífi á ný í gamla íþróttakennaraháskólann undir starfsemi sem þessa er réttlætismál, ekki bara fyrir eldri kynslóðina heldur fyrir kjördæmið í heild.

Sandra Sigurðardóttir, þingmaður Viðreisnar Suðurkjördæmi
Viðir Reynisson, þingmaður Samfylkingarinnar Suðurkjördæmi

Ásta Lóa Þórsdóttir, þingmaður Flokks fólksins í Suðurkjördæmi



Langar þig að veiða í Soginu?

Sogið er rómað fyrir feegurð og stórfiska. Veiðidagur Alviðru verður laugardaginn, 15. ágúst, 2026. Alviðrunefnd og veiðifélagið Starir bjóða fólki með veiðiáhuga að fræðast og veiða í Soginu ókeypis. Allir eru velkomnir. Veitt verður á flugu en laxi sleppt.

Mæting við Alviðrubæ kl. 14. Sagt verður frá veiðum í Soginu. Skipt verður í hópa og trygt að allir veiði á helstu veiðistöðum.

Leiðsögumaður frá Störum ráðleggur veiðimönnum. Dagskrá lýkur um kl. 17:00. Kakó, kaffi og kleinur verða í boði í Alviðru.

Gerið svo vel að tilkynna nöfn veiðimanna í tölvupósti: s@sigurdurarni.is

Þau sem fyrst skrá þátttöku ganga fyrir ef mikill fjöldi vill veiða.

F.h. Alviðrunefndar, Sigurður Árni Þórðarson



Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Pantaðu ljósmyndir í öllum algengustu stærðunum.



Þvær úr Tungunum

Aratunga - Reykholt

Fjölskylduhátíð

15. ÁGÚST 2026

FÖSTUDAGUR

18:00 Grímsleikarnir

- Grillaðar pylsur í boði
- Hinir vinsælu gröfuleikar –

Vinnuvélaréttindi skilyrði fyrir keppendur
Nánari upplýsingar síðar

LAUGARDAGUR

11:00 Bílskúrssala í hverfum
13:00 Markaður Kvenfélags Biskupstungna í Aratungu
14:00 Reykholtshlaup 2026
15:00 Hálandaleikarnir við íþróttavöllinn í Reykholti
15:30 Froðurennibraut í boði Brunavarna Árnessýslu
18:00–20:00 Nágrannagrill

Greifaball í Aratungu 22:00

Komdu og dansaðu inn í nóttina
Midasala á Tix.is

FJÖLSKYLDU-VÆNT

GÓÐUR MATUR

LIFANDI TÓNLIST

LEIKIR & APPREYING

SAMAN ERUM VIÐ BESTI

TÓNLIST MATUR FJÖR!

Stuð í sveitinni



Myndir: Teddi Owen.



Fjölmenni og góð stemning á Hamingjunni við hafið

Bæjarhátíðin Hamingjan við hafið fór fram í Þorlákshöfn dagana 4.–9. ágúst og tókst vel. Góð þátttaka íbúa og gesta skapaði einstaka stemningu og frábæra fjölskylduhátíð.

Fjölbreytt dagskrá var í boði meðan á hátíðinni stóð með tónlist, skemmtun og afþreyingu fyrir alla fjölskylduna. Veðrið setti nokkurn svip á dagskrána á fimmtudagskvöldinu þegar ákveðið var að færa tónleika, sem áttu upphaflega að fara fram í garðinum hjá Róberti og

Guðlaugu, yfir í hátíðartjaldidi í Skrúðgarðinum. Breytingin virtist ekki hafa áhrif á stemninguna, en góð mæting var á tónleikana.

Líf og fjör var í hátíðartjaldinu á föstudagskvöldinu þar sem gestir á öllum aldri nutu kvöldsins saman. Þá komu fram Herra Hnetusmjör, Emmsjé Gauti, Kristmundur Axel og Júlí Heiðar áður en Sveitamaður lokuðu kvöldinu með dansleik.

Fjölskyldudagskráin í Skrúðgarðinum á laugardegnum var

einnig vel sótt. Þar skemmti Lalli töframaður yngstu gestunum, Lína Langsokkur söng og lék, Sirkus Íslands sýndi sirkuslistir og BMX Brós sýndu hjólatríx við góðar undirtektir áhorfenda.

Undirbúningur fyrir Hamingjuna við hafið að ári er þegar hafinn. Sveitarfélagið hvetur íbúa og aðra gesti til að senda inn hugmyndir og ábendingar um það sem vel tókst og það sem mætti gera enn betur við skipulagningu næstu hátíðar.

Sunnlendingar sigra enn og aftur á Íslandsmóttinu í kvartmílu

Um liðna helgi komust fimm sunnlenskir öikumenn á verðlaunapall í annarri kvartmílukeppni sumarsins. Haukur Baldvinsson varð annar í KC 9,90 flokki á Toyota Supra; Ingimar Baldvinsson sigraði í KD 10,90 flokki á Chevrolet Camaro og Arnkell Ragnar Ragnarsson sigraði í KF 12,90 flokki á Plymouth Barracuda. Premeningarnir eru allir frá Selfossi. Þá sigraði Natthapong Khamphan, frá Hellu, á BMW í KG 13,90 flokki og Flúðamaðurinn Gunnlaugur Emilsson varð annar í KG 12,90 flokki á Jeep Cherokee SRT Hemi. Gunnlaugur keppti fyrst í kvartmílu 1979 og varð margfaldur Íslandsmeistari í kvartmílu og sandspyrnu á árum áður.

Síðasta kvartmílukeppni Íslandsmótsins er áætluð 5. september. Hún verður spennandi fyrir þessa sunnlensku ökuþóra vegna þess að fjórir þeirra geta mögulega orðið Íslandsmeistarar í sínum flokkum. Það verður því hart barist á kvartmílubrautinni við Straumsvík eftir nokkrar vikur.



Sunnlendingar ásamt verðlaunahöfum í öðrum flokkum í keppni helgarinnar.



Gunnlaugur Emilsson og Arnkell Ragnar Ragnarsson takast á.

Gáta vikunnar

Hektara ég horfi á,
hlátur mikill ómar.
Ef þú heyrir ei, skal hvá,
undrun þannig hljómar.

Svar við gátu í blaði 2864: **MÆLA**
1. Andmæla - 2. Mælaborð
3. Formæla - 4. Mæla eitthvað út



Saumklúbbs brauðréttur og nautakjötssúpa

Ásgerður Sjöfn Guðmundsdóttir er matgæðingur vikunnar.

Takk fyrir áskorunina, hér eru sáraeinfaldar uppskriftir sem henta öllum.

Saumklúbbsbrauðréttur

3/4 brauð (með eða án skorpu)
1 lítil dós mæjónes
1 dós sýrður rjómi 10%
1 dós niðursoðinn ananas í bitum ásamt safa eftir smekk
500 g litlar rækjur
Sítrónupipar eftir smekk
1 stk. Camembert-ostur, skorinn í bita
1 stk. rauð paprika, skorin í bita
Slatti af vínberjum

Byrjað er á að rífa brauðið niður í skál, skera papriku, vínber og Camembert-ostinn í bita og setja til hliðar.

Brauðinu er svo blandað saman við sýrða rjómann, mæjónesið, rækjurnar, sítrónupiparinn, ananasinn í bitum og safann.

Þessu er svo blandað saman við brauðið sem er skreytt með Camembert-osti, vínberjum og paprikunni. Svo er þetta sett í mót.

Látið standa í 1 klukkustund



– 1 sólarhring, því lengur því betra!

Nautakjötssúpa

400 g nautakjöt, t.d. gúllas
2-3 gulrætur
2 laukar
10 sveppir
1/2 haus blómkál
1 paprika
1 dós niðursoðin tómatar
1 L vatn
Kjötkraftur, salt og pipar

Skerið kjötið í litla bita.

Sjóðið kjötið og tómata í vatninu við vægan hita í 1 klukkustund.

Grænmetið er skorið smátt og látið malla með síðustu 10 mín.

Bragðbætt með kjötkrafti, salti og pipar.

Borið fram með brauði.

Næst skora ég á Martinu Sardu, sem er flink að elda og baka.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



GERVIGREIND

Munu augu okkar brátt sjá
það sem þau sjá sjálf?

Mun heili okkar
enn hugsa
það sem hann hugsar?

Verðum við enn
þau sem við erum?

Germain Droogenbroodt. III Premio Internacional de Poesía de Fuente Vaqueros, Spanje. Þór Stefánsson þýddi samkvæmt enskri þýðingu höfundar og Stanleys Barkan.

Úr "Poetic Reflections", Ukiyoto Publishing, India.



Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17,
800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson,
sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Bláðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir,
sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingaeldi: Sími 482 1944,
auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag
4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir
hádeggi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur
austan Hellisheiðar. Dagskráin
er aðili að samtökum bæjar-
og héraðsfréttablaða.

Prentun:
Prentmet Oddi
ISSN 1670-407X Svansvottuð prentsmíða

Einbýlishús í Hveragerði, minni lóðir, hærri gjöld

Skipulag einbýlishúsa: Reglur sem tengjast einbýlishúsa-byggð, þéttleika byggðar og lóðarstærðum hafa breyst mikið á síðustu árum. Viðmunarstærðir voru áður fyrr ca 7 einbýlishús á hektara (10 000 fm), með lóðarstærð að lágmarki 700 fm og hámarksnýtingarhlutfall 0.3, (n=0,3). Það sem eftir var af landinu (30%) fór í gatna-kerfið og stíga. Opnu svæðin voru oft afgangssvæði þar sem erfitt var að byggja, en hentuðu vel sem útivistarsvæði. Allar eldri byggðir féllu undir þessar reglur, sem gáfu almennt lága og opna byggð.

Í dag hefur orðið mikil breyting á skipulagi einbýlishúsa, ekki aðeins í Hveragerði. Reglurnar hafa breyst verulega, án þess að almenningur hafi í raun tekið eftir því. Einbýlishúsalóðirnar hafa minnkað, oft um 30%, allt niður í ca. 500 fm eða minna. Að sama skapi hefur hámarksnýtingarhlutfall aukist frá n=0,3 í n=0,4-0,5, aukning um 33-60%. Þétting byggðar hefur því tvöfaldast og kallar á tveggja hæða íbúðarhús á litlum lóðum, sem oftast voru áður einnar hæðar á stórum lóðum. Venjulegur íbúi, væntanlegur byggjandi einbýlishúss, þekkir ekki þessar breytingar og sér fyrir sér einbýlishús eftir gömlu reglunum. Staðan í dag er eftir-

farandi: Venjuleg einbýlishús eru gróft séð, 110-125-135 fm íbúð og 25 fm bílskúr, alls 135-150-160 fm. Í dag fer bæjarfélagið Hveragerði fram á gatnagerðargjald fyrir að lágmarki 200 fm./hús, hvort sem byggjandinn ætlar að byggja svo stórt eða ekki. Ofan á nýbyggingar er nýr gjaldstofn, kallaður bygg-ingaréttargjald, sem er tengdur gatnagerðargjaldinu, oftast 30% til viðbótar, en sjást hafa tölur- ar 40% og 50% eftir vinsældum byggingarlóðanna. Til einföldunar er hér verið að hækka gatnagerðargjaldið um minnst 30% þó það heiti bygginga- réttargjald. Vafi ríkir samt um hvort byggingaréttargjaldið hafi lagalegan grunn. Byggingaraðili einbýlishúss er því krafinn um gjald sem samsvarar að lágmarki 260 fm húsi, þótt húsið sem byggja á sé ætlað helmingi minna. Venjulegur íbúi hefur engan áhuga á 200 fm einbýlishúsi og alls ekki að greiða fyrir svo stórt hús sem varla kemst fyrir á lóðinni. Útreikningarnir eru eftirfarandi: Í dag (2026) er gatnagerðar- gjaldið 45.298 kr./fm. fyrir einbýlishús, og 30% gjaldið fyrir byggingarréttinn 13.589 kr./fm. saman 58.887 kr./fm. alls kr. 15.310.620 fyrir öll einbýlishús 200 fm eða minna. Hönnunar-

kostnaður lyftir kostnaðinum í áttina að 20.000.000 kr. áður en fyrsta skóflustungan er tekin. Fjöldi byggingargjalda fylgir síðar, á meðan húsið er í byggingu: Stofngjald vatnsveitu er mismunandi eftir stærð heimæðar, skráð 211.389 – 1.509.920 kr, stofngjald fráveitu 301.984 kr, byggingarleyfisgjald 301.984 kr, framkvæmdaleyfis- gjald 30.198 – 452.976 kr, og að lokum fjölmörg þjónustugjöld tæknideildar sem numið gætu

250.000 – 300.000 kr. Byggj- andinn þarf að gera ráð fyrir 22- 24.000.000 kr til að mæta föst- um liðum áður en til eiginlegra framkvæmda kemur. Til við- bótar fer byggingarkostnaðurinn sjálfur eftir lóðaraðstæðum og fjármagnskostnaðinum, sem er breytilegur eftir verðbólgu. Hveragerði sker sig ekki úr hvað þessar gjaldtökur varðar. Gjöld sveitarfélaga eru hluti vandans, því þau hafa meira en tvöfaldast. Bara gatnagerðar-

gjaldið og byggingaréttargjaldið eru 7.500.000 kr herra, en talist geti eðlilegt miðað við hús- stærð. Sveitarfélög hafa bætt við fjölda liða sem áður fylgdu gatnagerðargjaldinu og krefjast aukagreiðslu fyrir hvern lið. Húsbyggjandinn verður að sætta sig við gjaldtökuna. Það þarf engan að undra um fasteigna- verðið í dag. Sveitarfélögin eru gráðugust allra.

Róbert Pétursson, Hveragerði

Auglýsing um skipulag



Eftirtaldir skipulagstillögur eru auglýstar skv. 30. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillögurnar eru til umsagnar í skipulagsgátt og er hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillög- urnar þar.

Rauðilækur 3 - íbúðarhús - nýtt deiliskipulag
Lagt er fram nýtt deiliskipulag fyrir Rauðalæk 3 sem er 1,8 ha, þar sem fyrirhugað er að byggja íbúðarhús ásamt skemmu/gripahúsi.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæj- arráðs þann 06.08.2026

Selfosslína 1 - jarðlína - óveruleg breyting á aðalskipulagi
Lögd er fram óverulega breyting á aðalskipulagi vegna framkvæmda við Selfosslínu 1. Línán er í dag loftlína en fyrirhugað er að leggja 132 kv. Jarð- streng til að leysa loftlínuna að hólmi.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæj- arráðs þann 06.08.2026

Austurveita - framkvæmdaleyfi
Veitur og Vatnsveita Ölfus sækja um framkvæmda- leyfi til að leggja DN200 hitaveitulögn og Ø180 vatnslögn samhliða, meðfram Ölfusvegi (370). Lagnaleið vatnsveitu byrjar um 300 m vestan við gatnamót Ölfusvegjar og Kirkjuferjuvegjar, og endar um 100 m austan við Varmá, við gatnamót að Akurholti.

Sigurður Steinar Ásgeirsson
Sviðsstjóri
Skipulags- og lögfræðisvið

Framkvæmdaleyfið var samþykkt á fundi bæjar- ráðs þann 06.08.2026

Skipulagstillögurnar eru til umsagnar á Skipu- lagsgáttinni á www.skipulagsgatt.is til og með 24.9.2026. Til að finna ákveðið mál skal smella á „Leita að máli“ og slá inn nafn málsins í leitar- reitinn. Á Skipulagsgáttinni er hægt að: Skoða allar upplýsingar og gögn sem tengjast málinu
Leggja fram athugasemdir
Lesi þær athugasemdir sem aðrir hafa sent inn
Ef hakað er við „Vakta mál“ á tilteknu máli, fær við- komandi tilkynningu í tölvupósti í hvert skipti sem breyting verður á málinu.

Gögn vegna framkvæmdaleyfa eru jafnframt að- gengileg í skipulagsgátt og má finna leiðbeiningar um kærur og upplýsingar um kærufresti hér að neðan.

Þá er einnig hægt að nálgast upplýsingar eða gögn á Bæjarskrifstofu Ölfus, Hafnarbergi 1, Þor- lákshöfn, með því að senda fyrirspurn á skipu- lag@olfus.is eða hafa samband við bæjarskrif- stofuna í síma 480 3800.

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi:

Fossengi úr landi Brúar við Auraveg – Nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagið tekur til nýrrar lóðar sem er 30.150 m² og fær heitið Fossengi. Lóðin er úr jörðinni Brú, L163848. Gerðir eru tveir bygg- ingareitir innan Fossengis: á B1 verður heimilt að byggja 300 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt 60 m² bílskúr. Á B2 verður heimilt að byggja fjögur 30 m² frístundahús með mögu- leika á rekstri.

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heima- síðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipu- lagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og bygg- ingarfulltrúa frá 12. Ágúst 2026. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdarfrestur veittur til og með 24. september 2026. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega í Skipu- lagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfull- trúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra

Vakin er athygli á að samkvæmt 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 73/2020 og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 160/2010, má kæra ákvarðanir sveitarstjórnar um samþykkt aðalskipulagsbreytinga og deiliskipulagsá- ætlana til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Um kærufrest fer samkvæmt 3. mgr. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem kveðið er á um fjögurra vikna kærufrest frá birtingu ákvörðunar í B-deild Stjórnartíðinda. Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga og 5. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, er sjálfstætt kæranleg til úr- skurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Kærufrestur vegna slíkrar ákvörð- unar er einn mánuður, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Um meðferð kærumála gilda ákvæði laga nr. 130/2011, reglugerðar nr. 1300/2011 um málsmeðferð fyrir úrskurðar- nefnd umhverfis- og auðlindamála, auk ákvæða stjórnssýslulaga nr. 37/1993, einkum um kærumeild, sbr. 26. gr., andmælarétt, sbr. 13. gr., og rannsóknarreglu, sbr. 10. gr. stjórnssýslulaga. Kæru skal beint til úrskurðarnefndarinnar að Borgartúni 21, 105 Reykjavík, eða með rafrænum hætti í gegnum kærugátt Stjórnarráðs Íslands á www.stjornarradid.is

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjudagar kl. 11-13
Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14-16
Unga fólkið

Miðvikudagar kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á Brosiðunni

Föstudagar kl. 11-13
Opíð hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahöpurinn Smárarnir kl. 18
Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brosið/Smáranir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - einn dagur í einu, alla laugardaga.
Nýliðafundur hefst 9:30 og Al-Anon fundur strax að honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Mánudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

AA fundir í Hveragerði í húsi

Rauða krossins. Mánamörk 1
Mánudaga Kl.18 - Konur
Fimmtudaga Kl.18 - Sporafundur - Konur

Önnur ferð Bókabæjanna austanfjalls til Szczepreszyn

Í þessu tilverustigi þar sem við lifum er alltaf gott að upplifa þegar hlutir smella saman. Hvort það er ást, hvort það er ný íbúð, nýr vinir, ný vinna eða bara göngutúr í áður óþekktu umhverfi sem hljómar samt svo kunnuglega. Það er tilfinning fyrir því að það sé komið samhengi. Þessa tilfinningu finnum við í Bókabæjunum austanfjalls núna þegar við höfum heimsótt pólska bæinn Szczepreszyn í annað sinn.

Ástæða heimsóknarinnar er að koma á samstarfi milli bókmenntahátíða bæjarins

Szczepreszyn sem er í Rostozce-héraði og Sveitarfélagsins Árborgar, Hveragerðis og fleiri sveitarfélaga á Suðurlandi sem eru á starfssvæði Bókabæjanna austanfjalls. Fórum við þangað undirrituð, Pétur Már Guðmundsson og Jónína Sigurjónsdóttir, fyrstu vikuna í ágúst, með glæsilegar gjafir frá Hespúhúsinu.

Við fyrstu sýn er kannski ekki margt líkt með þessum ólíku landsvæðum en þegar grannt er skoðað kemur ýmislegt í ljós. Tökum Pólverja sem dæmi. Margir Pólverjar búa í Árborg, í Hveragerði og nærliggjandi sveitum. Annað sem er sameiginlegt er mikil ást á bókmenntum og tilfinning fyrir mikilvægi tungumálsins, hvort sem það er pólska eða íslenska. Það vantar klárlega fleiri Íslendinga í Rostozce og Szczepreszyn en það er alveg hægt að redda því. Það er líka hluti af þessu verkefni sem Bókabæirnir austanfjalls gætu hjálpað til með.

Staðalímynd á íslensku samfélagi getur birst í innhverfu samfélagi vegna landslagsins, einangrunarinnar og fámennisins og það endurspeglast svo í íslenskum bókmenntum. En pólsk menning á sér líka óvenju ríka hefð fyrir innra lífi — einkarýminu, fjölskylduheimilinu, minningum, sögu sem einstaklingurinn ber innra með sér, vitsmunalegu og tilfinningalegu lífi, treganum, þögninni, sam-

æðum við matarborðið og bókmenntunum sem innri gríðastað. Á sama tíma hafa pólskir rithöfundar oft þurft að takast á við gífurlegan þrýsting sögunnar og sameiginlegrar sjálfsmyndar.

Það er liðið rúmlega ár síðan við í Bókabæjunum austanfjalls komumst í samband við Szczepreszyn. Þar var á ferðinni fulltrúi frá bókmenntahátíðinni sem er haldin þar sirkabát fyrstu vikuna í ágúst. Hún heitir Magda Grasowska-Igras og hafði samband fyrir hönd hátíðarinnar Stolica Języka Polskiego. Piotr Duda hefur verið frumkvöðullinn á bakvið hátíðina sjálfa alveg frá því hún hóf göngu sína fyrir 12 árum. Hann er frá bænum en hefur starfað í menningargeiranum í áratugi og komið að starfi í leiklist og bókmenntum í áratugi.

Hátíðin sjálf er óður til allra sem finnst gaman að bókum og öllu sem þeim tengist. Á sama tíma er hún óður til annarra listgreina og skipuleggjendur hafa alltaf lagt mikla áherslu á að tónlist og myndlist fái sitt rými á hátíðinni.

Samstarf þessara bókmenntahátíða mun hefjast á næsta ári og standa yfir fram til ársins 2029

og mögulega lengur. Fyrstu skrefin verða að fá pólska höfundar til að heimsækja Haustgildi, bókmenntahátíð Bókabæjanna austanfjalls, árið 2027. Árin 2028 og 2029 mun svo verða kynnt frekari samvinna með ritsmiðjum fyrir fólk á öllum aldri, fleiri höfundum og miðstöðvum fyrir skapandi greinar.

Þetta samstarf milli bókmenntahátíðarinnar í Póllandi býður upp á endalausa möguleika fyrir menningarlíf í Árborg, Hveragerði og nærliggjandi sveitum. Það er mikilvægt að mynda tengsl fyrir pólska nýbúa á Íslandi og þetta er leið til þess. Það er ekki síður mikilvægt að Íslendingar, innfæddir, nái að kynnast pólskri menningu.

En það sem er hvað best við bókmenntahátíðina í Szczepreszyn er kyrrðin og innleikinn. Alveg sama þótt þú sem Íslendingur kunnir ekki bofs í pólsku, þá munu þessir eiginleikar skína í gegn. Þessir eiginleikar eru líka leiðarljós bókmenntahátíðar Bókabæjanna austanfjalls; Haustgildi. Innleiki nær til fólks.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFLOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

Allt fyrir
sumarhúsið
og garðinn

Palla og skjólgirðingar

Viðbyggingar og
breytingarnar

Viðhald og endurbætur

Lýsingar og raflagnir

Jens sími: 778-7171

lögildur húsasmíða og
rafvirkja meistari
jgrettisson@gmail.com



RAFVÉLATEKNI

LÖGILTUS RAFVÉLATAKNI

Vantar þig rafvirkja?

Athliða rafvirkta
Sérfræðispekkir í stjórnskrifum,
mótorstyrkingum og vélafengdum lausnum

HAFÐU SAMBAND
419-8700 | rvt@rvt.is
www.rvt.is

KIRKJUR

Selfosskirkja

Kvöldmessa verður í Selfosskirkju sunnudaginn 16. ágúst kl. 20.
Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar fyrir altari og flytur íhugun. Félagar úr kór Selfosskirkju syngja ljúfa kvöldssálma. Verið hjartanlega velkomin.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Austurvegi 40b
Samkoma á sunnudögum kl.11:00
English translation available.
Unglingasamkomur á fimmtudögum kl. 20:00
Allir innilega velkomnir.

Stóra-Núpskirkja

Hestamannamessa sunnudaginn 16. ágúst kl. 14. Félagar úr kirkjukórnum leiða sönginn undir stjórn Þorbjargar Jóhannsdóttur organista. Hópreið leggur af stað frá Hruna kl. 11:15. Uppskrift að góðum degi - verið öll velkomnir! Sent from my iPhone

Skálholtsdómkirkja

Guðsþjónusta sunnudaginn 16. ágúst sem Margrét Steinunn Guðjónsdóttir djákni leiðir, kl. 11. Jón Bjarnason organisti leiðir safnaðarsöng og leikur á hljóðfærni. Barnaborðið ávallt á sínum stað. Tónleikar með Hjörleifi Valssyni fiðluleikara og Jónasi Þóri píanóleikara sama dag kl. 16. Tekið á móti framlögum í Flygilsjóð Skálholts og aðgangur ókeypis. Innilega velkomin.



Kvöldvakan snýr aftur á Rangárbakka – Töðugjöld um helgina

Töðugjöld verða haldin í Rangárþingi ytra dagana 11.–16. ágúst og verður fjölbreytt dagskrá í boði fyrir alla aldurs- hópa.

Ein helsta breytingin í ár er að hin hefðbundna kvöld- vaka snýr aftur á Rangárbakka laugardaginn 15. ágúst. Gunni og Felix leiða kvöldið og á svið stíga meðal annars Herra Hnetu- smjör, Bjartmar Guðlaugsson og KK. Guðrún Árný stýrir brekku- söng og kvöldinu lýkur með

flugeldasýningu Flugbjörgunar- sveitarinnar á Hellu. Að kvöld- vöku lokinni verður dansleikur í Reiðhöllinni þar sem Sunnan 6 ásamt Jónsa í Svörtum fötum heldur uppi fjörinu.

Dagskráin hófst á þriðju- daginn með Töðugjaldagöngu Ferðafélags Rangæinga. Í kvöld, fimmtudaginn 13. ágúst, verður opið hús á Skeiðvöllum og föstu- daginn 14. ágúst fara Töðugjalda- hlaupið og Þorpararölt fram.

Laugardagurinn 15. ágúst

verður stærsti hátíðardagurinn með samfélagsmorgunverði, Töðugjaldamarkaði, tækja- sýningu, listasmiðjum, knatt- spyrnuleik KFR og Álafoss og fjölbreyttri fjölskyldudagskrá. Þar verða meðal annars Gunni og Felix, Lína Langsokkur, hoppu- kastalar, hæfileikakeppni barna og gæludýrakeppni. Skráning í hæfileikakeppni barna og gæludýrakeppni fer fram með tölvu- pósti á helga@ry.is.

Hátíðinni lýkur sunnudaginn 16. ágúst með sýningu Leikhóps- ins Lottu og skapandi listasvæði Youth Art Studio.

Eiríkur Vilhelm Sigurðar- son tekur nú þátt í sínum fyrstu Töðugjöldum sem sveitarstjóri Rangárþings ytra. „Töðugjöld eru fastur punktur sumarsins hjá okkur í Rangárþingi ytra og frábært tækifæri til að koma saman, njóta samverunnar og skapa

góðar minningar. Samfélagið byggist ekki eingöngu á fram- kvæmdum og innviðum, heldur einnig á samveru, menningu og þeim hefðum sem tengja okkur saman,“ segir Eiríkur.

Íbúar og gestir eru hvattir til

að taka þátt í hátíðarhöldunum og njóta fjölbreyttrar dagskrár um allt sveitarfélagið. Nánari upplýsingar og dagskrá má finna á www.ry.is og á Facebook-síðu unni Töðugjöld á Hellu.



Frá Töðugjöldunum í fyrra. Mynd: Rangárþing ytra.

Tvær úr Tungunum um helgina

Það verður líf og fjör í Reyk- holti dagana 14.–15. ágúst þegar sveitahátíðin Tvær úr Tungunum verður endurvakin.

Fjórið hefst á föstudags- kvöldinu kl. 18 með Grímsleik- unum, vinsælu gröfuleikunum þar sem gröfustjórar etja kappi og spreyta sig á fjölbreyttum og skemmtilegum þrautum.

Á laugardegnum heldur dagskráin áfram þegar mark- aður Kvenfélags Biskupstungna verður opnaður í Aratungu kl. 13. Reykholtshlaupið fer af stað kl. 14 og kl. 15 hefst Hálанда-

leikarnir, hörkuskemmtilegir kraftaleikar þar sem keppendur reyna með sér í fjölbreyttum afl- raunum og þrautum.

Klukkan 16:30 bjóða Bruna- varnir Árnassýslu upp á froðu- rennibraut fyrir yngri kynslóð- ina sem er frábær skemmtun.

Um kvöldið verður svo slegið upp alvöru sveitaballi í Aratungu þegar Greifarnir stíga á svið og loka hátíðinni með pompi og prakt.

Tvær úr Tungunum eru mættar aftur – sjáumst í Reyk- holti 14.–15. ágúst!



Bryndís Embla aðeins 45 sentímetrum frá úrslitum á HM U20

Bryndís Embla Einarsdóttir keppti á heimsmeistaramóti U20 í frjálsum íþróttum sem fram fór í Portland í Oregon í Bandaríkjunum dagana 5.–9. ágúst.

Bryndís Embla keppti í undankeppni í spjótkaсти föstu- daginn 7. ágúst og kastaði lengst 48,64 metra. Hún var aðeins 45 sentímetrum frá því að tryggja sér sæti í úrslitum og hafnaði í 16. sæti.

Heimsmeistaramót U20 er stærsta mót heims í þessum aldursflokki og er árangur Bryn- dísar Emblu sérstaklega glæsi- legur í ljósi þess að hún er enn tæplega 17 ára. Það er því mikið afrek að hafa náð lágmarki inn á mótið og verið svo nærri sæti í úrslitum.



Kennarastöður við Flóaskóla

Flóaskóli er staðsettur í Villingaholti í Flóahreppi, í um 15 mínútna akstursfjarlægð frá Selfossi. Í skólanum eru um 110 nemendur í 1.-10. bekk og um 30 starfsmenn. Við skólann starfar öflugur og metnaðarfullur hópur fólks sem vinnur samhent að því að skapa jákvætt og uppbyggjandi vinnuumhverfi, hlúa vel að nemendum og stuðla að því að þeir nái að vaxa og dafna í námi og starfi.

Í Flóaskóla er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám, teymiskennslu, leiðsagnarnám og öfluga stoðþjónustu. Mikil áhersla er á list- og verkgreinar. Unnið er markvisst með samskipti og liðan nemenda.

Í boði er:

- Tímabundið starf dönskukennara að lágmarki 45% staða en möguleiki á herra starfshlutfalli.
- Starf smíðakennara að lágmarki 35% staða en möguleiki á herra starfshlutfalli.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ eða viðeigandi stéttarfélags

Nánari upplýsingar veitir Þórunn Jónasdóttir skólastjóri í síma 7718342 eða í tölvupósti á thorunn@floaskoli.is

Umsóknarfrestur er til og með **21. ágúst 2026**, ráðið verður í starfið eins fljótt og unnt er.

Sótt er um gegnum alfred.is

Helstu verkefni og ábyrgð

- Að skipuleggja nám og kennslu nemenda í samráði við skólastjórnendur og samstarfsmenn.
- Að vinna í teymi með öðrum starfsmönnum skólans.
- Að stuðla að velferð nemenda í samstarfi við foreldra/forráðamenn og starfsfólk skólans.
- Að stuðla að þróun skólastarfs í samstarfi við stjórnendur og annað samstarfsfólk.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennari, uppeldismenntun eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi, leyfisbréf til kennslu, reynsla af kennslu æskileg.
- Áhugi á að starfa með börnum og ungmennum.
- Góð íslenskukunnátta og færni í upplýsinga- og tæknimálum.
- Skipulögð vinnubrögð og hæfni í samvinnu.
- Frumkvæð, sjálfstæði í vinnubrögðum og vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Jákvæðni og áhugi á að starfa í skapandi og metnaðarfullu umhverfi.
- Stundvísi og samviskusemi.



BRAG AF VINÁTTU!



Fæst hjá
BYKO Selfossi

Ökukennsla

Sniðið að þörfum hvers og eins.
Kennsla á íslensku eða ensku.



Hafðu samband í **897 4693**
Bókaðu á **UTIADAKA.IS**
„Með þér alla leið“

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

800

LAGNIR

**ALHLIÐA
PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

*Þar sem
fagmennirnir vinna*

★★★★★

Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · **pulsinn@pulsinn.com**

GB Hús
NÝSMÍÐI | VIÐHALD | PALLSMÍÐI

**ÖLL ALMENN
SMÍÐAVINNA**

Löggiltir húsasmíðameistarar

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

GBHUS@GBHUS.IS

**FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL**

899 0979 848 0964
ÖRN GÍSLI

WWW.SOLPALLUR.IS

SÓLPALLUR
Fagmennska · Gandi · Áreiðanleiki

LAGNALAND

**ÁREIÐANLEGIR
PÍPULAGNINGAVERKTAKAR**

Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is

LAGNALAND EHF.

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði**

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Ökukennsla

Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798

**Beinskiptur /
Sjálfskiptur bíll**



**Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir**



TRS

Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ **www.trs.is**

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyrn.is

**LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI**

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM

S: 692-2575
800 SMÍÐI

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 **lagniroglausnir.is**

**Stíflupjónusta
Sævars Selfossi**

Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

**YFIR
20 ÁRA
REYNSLA**

**Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.**

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



**STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS**

**VIÐ ELSKUM
STÍFLUR!**

**DÆLUBÍLAPJÓNUSTA
OG STÍFLULOSANIR**



510 1180 - 669 8441

Hellismýri 14 800 Selfoss **stiflulosun.is**

NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is